

Ed. **785. Breytingartillaga** [134. mál]
við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Auði Auðuns, Þorv. Garðari Kristjánssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

d-liður 12. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 125 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá. Tekjuhámark samkvæmt framansögðu breytist eftir kaupgjaldsvísitölu eins og hún er á hverjum tíma.